

2 – Buxur og kyntjáning



Sjá einnig flettuna [Konur í buxum á vefnum Huldukonur.is](#)



Buxur eru klæðnaður sem gjarnan er tengdur karlmönnum og karlmennsku og sums staðar gilda eða hafa gilt lög sem banna konum að vera í buxum. Á Vesturlöndum geta þó flestar konur í dag gert það ef þær vilja. Á Íslandi var líklega aldrei bannað með lögum að konur klæddust buxum en mörg dæmi sýna að það þótti óæskilegt. Það sést til dæmis í Íslendingasögunum. Í *Laxdæla sögu* segir til dæmis frá því að orðrómur gekk um að kona að nafni Auður, kölluð Brókar-Auður, klæddist karlbrókum. Guðrún Ósvífursdóttir notaði það til að niðurlægja Auði og tæla eiginmann hennar til sín.

Klæðnaður er hluti af kyntjáningu einstaklinga. Með því er átt við hvernig fólk tjáir kyn sitt og kynvitund dagsdaglega, til að mynda með fatavali og líkamstjáningu. Sumir tjá kyn sitt á óhefðbundinn hátt. Það átti til dæmis við um Brókar-Auði. Á 18. og 19. öld lifðu einnig konur sem kusu að klæðast buxum af ýmsum ástæðum. Það gerðu þær þrátt fyrir að hefðbundin kynhlutverk samfélagsins gerðu ráð fyrir að slíkur klæðnaður væri einungis ætlaður körlum.

Buxur voru nytsamlegur klæðnaður í ýmsum starfsgreinum sem fólu í sér mikla líkamlega hreyfingu og erfiði. Þuríður Einarsdóttir var formaður (skipstjóri) á bát á 19. öld og því oft kölluð Þuríður formaður. Sögur segja að hún hafi klæðst buxum að hætti karla og að starf hennar hafi verið helsta ástæða þess. Þar að auki hafði hún með sér horn sem búið var að sníða til þannig að hún ætti auðveldara með að pissa á meðan hún var á bátnum. Í fyrstu gekk hún aðeins í „karlmannsfötum“ við vinnu sína. Seinna fór hún að klæðast þeim dagsdaglega og átti jafnvel spariföt, lafafrakka og pípuhatt (sjá einnig **3. kafla: Sjókonur**).

Á fyrri hluta 20. aldar vöktu að minnsta kosti þrjár konur athygli í Reykjavík fyrir að ganga í buxum eða jakkafötum við vinnu sína. Þær hétu Katrín Thoroddsen, Katrín Fjeldsted og Kristín Hagbarð og áttu það sameiginlegt að atvinnugreinar þeirra þóttu fremur karllægar. Katrín Fjeldsted var húsamálari en vann einnig sem bílstjóri um skeið. Hún klæddist alltaf einkennisbúningi við aksturinn, eins og karlkyns bílstjórar, en einnig er líklegt að hún hafi klæðst buxum þegar hún vann sem málari.

Kristín J. Hagbarð var athafnakona. Hún rak straustofu á fyrsta áratug 20. aldar og seinna matvöruverslun á Laugavegi 26. Af ljósmyndum að dæma gekk hún gjarnan í jakkafötum og var með hárið stuttklippt og greitt aftur eins og karlar gerðu oft á þessum tíma. Katrín Thoroddsen lauk prófi frá læknadeild Háskóla Íslands árið 1921 og vann sem lækni, bæði í Kaupmannahöfn og Berlín. Berlín var á millistríðsárunum þekkt fyrir að vera miðstöð hinsegin menningar og skemmtanalífs. Katrín klæddist oft jakkafötum líkt og Kristín, og var með bindi og stutt vatnsgreitt hár að hætti karla.

Við vitum raunar fátt um kynhneigð og kynvitund þessara kvenna. Óhefðbundin kyntjáning þeirra hefur gjarnan verið útskýrð með því að þær sinntu karllægum störfum, það er sjómennsku, bifreiðaakstri, kaupmennsku og læknavísindum. Það bendir til þess að þessar starfsgreinar hafi verið rými þar sem konur gátu tjáð kyn sitt á ódæmigerðan hátt og hegðað sér á annan hátt en kynhlutverk samfélagsins gerðu annars ráð fyrir. Einnig er líklegt að þátttaka kvennanna í þessum störfum hafi orðið til þess að ýkja karlmannlega eiginleika þeirra í hugum fólks. Til að mynda olli klæðaburður Þuríðar formanns því að einn sveitungi hennar kallaði hana „tvíkynja“. Hann virðist þannig hafa ætlað að gefa í skyn að hún væri að einhverju leyti karlkyns.

Upp úr miðri 20. öld vakti karlmannlegur klæðaburður oft grunsemdir um samkynhneigð. Þá voru Íslendingar orðnir meðvitaðri um samkynja ástir. Sögur voru sagðar um bæði Kristínu J. Hagbarð og Katrínu Thoroddsen sem ýjuðu að því að þær hefðu rómantískan eða kynferðislegan áhuga á konum. Það er þó ekkert staðfest í þeim efnum. Því er óljóst hvort slíkar sögur endurspegli raunveruleikann eða sýni okkur fyrst og fremst hvernig karlmannlegt útlit eða kyntjáning var túlkuð á hverjum tíma.



Leyfi til að ganga í buxum

Í bókinni *Sagan af Þuríði formanni* segir frá því þegar sýslumaður hélt því fram að Þuríður þyrfti leyfi til að klæðast buxum eða öðrum fötum sem voru á skjön við kyn hennar. Hann sagðist veita henni slíkt leyfi ef hún léti hann hafa upplýsingar um hverjir hefðu framið rán að bænum Kambi. Henni virðist því hafa verið mútað.

Á vefnum *Íslendingabók.is* er einnig sagt frá því að Ragnheiður Þóra Elísabet Berthelsen hafi snemma á 20. öld sent Alþingi bréf og sótt um heimild til að „ganga um í karlmannafötum“. Þegar henni var synjað um leyfið flutti hún burt frá Íslandi.

Í þessum tveimur heimildum frá 19. og 20. öld segir sem sagt frá konum sem þurftu að sækja um leyfi til þess að klæðast buxum. Það er áhugavert því ekki er vitað til þess að lög eða reglur hafi gilt á Íslandi um að konur þyrftu slíkt leyfi, nema þá helst í Biblíunni.

Verkefni



- » Finnið dæmi úr samtímanum um óhefðbundna kyntjáningu með klæðnaði. Hvaða föt eru talin vera fyrir annaðhvort karla eða konur? Hvers konar viðbrögð vekur fólk sem neitar að fylgja slíkum „reglum“? Eru sagðar sögur um að það fólk sé hinsegin? Af hverju?
- » Getið þið ímyndað ykkur samfélag þar sem ekki eru dregnar ályktanir um kyn fólks út frá klæðaburði? Samfélag þar sem allir geta gengið í kjól eða buxum án þess að kyn skipti máli?